



**78. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar
fimmtudaginn 4. apríl 2013, kl. 15:00.**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar SSNV frá 26. febrúar 2013
 - b) Stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 26. febrúar 2013
 - c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1. mars 2013
 - d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 11. mars 2013
 - e) Hafnarsambands Íslands frá 14. mars 2013
 - f) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 11. mars 2013
 2. Erindi frá Húnavatnshreppi frá 8. mars 2013
 3. Erindi frá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi frá 13. mars 2013
 4. Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 26. mars 2013
 5. Erindi frá Veiðifélagi Laxár á Ásum frá 25. mars 2013
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) **Stjórnar SSNV frá 26. febrúar 2013**
Lögð fram til kynningar.
 - b) **Stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 26. febrúar 2013**
Lögð fram til kynningar.
 - c) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1. mars 2013**
Lögð fram til kynningar.
 - d) **Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 11. mars 2013**
Lögð fram til kynningar.
 - e) **Hafnarsambands Íslands frá 14. mars 2013**
Lögð fram til kynningar.



2. Erindi frá Húnavatnshreppi frá 8. mars 2013

Sveitarfélag sem nú tilheyrir Húnavatnshreppi keyptu eignarhlut Blönduósarbæjar í Reykjajörðinni með kaupsamningi dags. 30. desember 2003. Í kaupsamningnum láðist að tilgreina sem selt, Reyki 1, landnr. 144781 í Húnavatnshreppi. Blönduósarbær er samkvæmt þjóðskrá enn skráður eigandi Reykja lands 1 að 7,1428%. Húnavatnshreppur óskar eftir leiðréttingu og að Blönduósarbær afsali fyrrnefndum eignarhlut til Húnavatnshrepps.

Bæjarstjóra falið að ganga frá afsali.

3. Erindi frá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi frá 13. mars 2013

Tilkynnt er Blönduósarbæ um hækkun á verði matar sem seldur er út frá eldhúsi HSB til eldri borgara utan stofnunarinnar og þjónustugjalds til stofnunarinnar vegna útkeyrslu á mat.

Lagt fram til kynningar og bæjarstjóra falið að sjá til þess að upplýsingar um hækkun komist til skila til hlutaðeigandi aðila.

4. Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 26. mars 2013

Á aðalfundi lánasjóðsins þann 15. mars sl. var samþykkt að greiða út arð til hluthafa vegna góðrar afkomu ársins 2012. Hlutur Blönduósarbæjar er 1,466% og arðgreiðsla nemur því 5.981.280 kr.

Lagt fram til kynningar.

5. Erindi frá Veidifélagi Laxár á Ásum frá 25. mars 2013

Aðalfundur Veidifélags Laxár á Ásum verður haldið í nýja veiðihúsinu laugardaginn 6. apríl kl. 13.00.

Bæjarráð samþykkir að Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson fari með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.

6. Önnur mál

a) Atvinnumálanefnd

Kári Kárasón og Hörður Ríkharðsson mættu á fundinn og gerðu grein fyrir störfum atvinnumálanefndar.

b) Mýrarbraut 14

Fyrir fundinn liggja drög að kaupsamningi að Mýrarbraut 14.

Bæjarráð samþykkir kaupsamninginn fyrir sitt leyti enda er gert ráð fyrir sölu fasteigna í fjárhagsáætlun.

Bæjarráð óskar framvegis eftir því að fá upplýsingar um mat fasteignasölu á verði fasteigna í eigu Blönduósarbæjar áður en þær eru auglýstar til sölu.

c) Fuglaskoðunarhús



Bæjarráð Blönduósarbæjar

Bæjarstjóri kynnti hugmyndir um fuglaskoðunarhús við ósa Blöndu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:25

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)
Þórdís Hauksdóttir (sign.)*